

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (Reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Förch Gengjulím, seigfljótandi		
Vörunúmer:	349 6420 4155	50 gl	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Gengjulím (seigfljótandi) fyrir loftfirrðar aðstæður.		
Viðeigandi notkun	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
Notkun sem ráðið er frá			
1.3 Söluaðili:	AB Varahlutir ehf.	Framleiðandi:	Theo Förch GmbH
	Funahöfða 9		D-74196 Neuenstadt
	110 Reykjavík		Þýskalandi
Sími:	567 6020		00-49-7139/95-0
Netfang:	ab@ab.is		info@foerch.de
Veffang:	www.ab.is		www.foerch.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð: **VARÚÐ**

Hættusetningar	H315	Veldur húðertingu
	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
	P280	Notið hlífðarhanska/augnhlífur/andlitshlífur.
	P314	Leitið lækni ef lasleika verður vart.

Inniheldur: 2-hýdroxýetýlmetakrýlat.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

2-hýdroxyetýlmetakrýlat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	20 - 40
Raðnúmer	607-124-00-x	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	212-782-2	H-setningar	-
CAS	868-77-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317, Augnert.2 - H319			

Alfa-alfa-dímetýlbensýl hýdróperoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - < 1
Raðnúmer	617-002-00-8	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	201-254-7	H-setningar	-
CAS	80-15-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Lífr.peroxið E/F - H242, Bráð eit.4 - H302, Bráð eit.4 - H312, Húðæt.1B - H314, Augnskað1 - H318, Bráð eit.3 - H331, SEM-EV 2 - H373, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Salísýlsýra (aspirín)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 1
Raðnúmer	607-732-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-712-3	H-setningar	-
CAS	69-72-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - H302, Húðert2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335, Eit.á æxl.2 - H361d			

Hýdrókínón			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 0,1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-607-8	H-setningar	-
CAS	123-31-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 (inntaka) - H302, Húðnæm.1 - H317, Augnskað.1 - H318, Stökkbr.2 - H341, Krabb.2 - H351, Bráð eit.á vatn - H400			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinstur fyrir skolun. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Hreinsið munn vandlega með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, eitraðar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Varan getur myndað hálkubletti. Notið persónuhlífar. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymsluhitastig ætti ekki að vera yfir 20°C. Geymið fjarri oxurum, háu hitastigi og beinu sólarljósi.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Hýdrókínón	0,5				WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

2-hýdroxyetylmetakrylát					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	1,3	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	4,9	mg/m ³
	Umhverfi, vatn		PNEC	0,482	mg/kg

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Aughlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnapólna hlífðarhanska úr latexgúmmíi eða marglaga PE. (EN374, $\geq 0,18$ mm, gegnstreymistími >30 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgæfnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma leysiefnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A (brúnn).

Athugið takmarkanir á notkunartíma öndunarbúnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Rauður
Suðumark:	205°C
Blossamark:	97°C
Tendrunarmark:	$>400^{\circ}\text{C}$
Eðlismassi við 20°C:	1,0-1,1 g/cm ³
Seigja (25°C):	400-700 mPas

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Fjölliðun við hátt hitastig er þekkt. Sjá einnig lið 7.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur og basar, afoxarar, peroxíð.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, eitraðar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Gengjulím, seigfljótandi, 50g					
Bráð eiturrhif, innöndun	ATE	>20	mg/l/4 klst		reiknuð stærð (gufa)

2-hýdroxyetýlmetakrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	5050	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>3000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Ertandi			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	
Einkenni		Öndunarerfiðleikar, hósti, erting í slímhúðum			

Alfa-alfa-dímetýlbensýl hýdróperoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	382	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	500	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, innöndun	LD ₅₀	220	ppm	rotta	4 klst

Salísýlsýra (aspirín)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	891	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>10000	mg/kg	kanína	
Alvarlegur augnskaði		Afar ertandi			
Einkenni	Kviðverkir, sljóleiki, erting í slímhúðum, svimi, ógleði, uppköst, áttunarskortur				

Hýdrókínón					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	367	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	
Næming húð/öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	
Einkenni	Öndunarerfiðleikar, hósti, erting í slímhúðum, meðvitundarleysi, uppköst, ógleði, höfuðverkur, kviðverkir				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif:

Gengjulím, seigfljótandi, 50g					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað	Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				
Annað	DOC 80% (28d)				

2-hýdroxyetýlmetakrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	227 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC ₅₀	380 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	EC ₅₀	345 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		84%	28 d		OECD 301 D
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,47			OECD 107
Eiturrhif á gerla	EC ₂₀	>3000 mg/l	16 klst	Pseudomonas	

Salísýlsýra (aspirín)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	EC ₅₀	870 mg/l	48 klst	Daphnia	
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,25			
Eiturrhif á gerla	EC ₅₀	110 mg/l			

Alfa-alfa-dímetýlbensýl hýdróperoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Eiturrhif	LC ₅₀	3,9 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC ₅₀	18 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	ErC ₅₀	33,1 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201

Hýdrókínón					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	0,638 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC ₅₀	0,134 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	EC ₅₀	0,335 mg/l	3 d	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		75-81%	10 d		EB Aðferð C.4-E
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	1,03			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum. VOC (EB 2010/75) < 14%

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H242	Eldfimt við hitun
H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H331	Eitrað við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum
H341	Grunað um að valda erfðagöllum
H351	Grunað um að valda krabbameini
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 2/12.02.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GMBH
SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
6420 4155 FÖRCH Thread Lock Red K121 50g

Útgáfa:

29.07.2019 Útgáfa 0016